


Sólblettur veldur segulstormi

Að kvöldi 25. mars, tveimur mínútum fyrir miðnætti, varð skyndilega vart mikillar ókyrrðar á mælitækjum segulmælingastöðvar Raunvísindastofnunarinnar í Leirvogi. Slíkar truflanir nefnast segulstormar og stafa frá rafhlöðnum ögnum sem berast frá sólinni og valda rafstraumum í háloftunum. Straumunum fylgja jafnframt mikil norðurljós, og var svo einnig í þetta sinn.

Meðfylgjandi línurit sýnir hvernig segulsvið jarðar breyttist frá hádegi 25. mars til hádegis næsta dag. Á línuritinu sést glögggt hve snögglega segulstormurinn hófst. Hið snögga upphaf vakti grunsemdir um, að orsökkin myndi vera sólblossi (sólgos) af því tagi sem stundum myndast í grennd við sólbletti. Næst þegar sást til sólar fékkst staðfesting á því, að stór sólblettur var einmitt nálægt miðri sól nærri 10° suðlæggar breiddar. Þvermál blettisins var mælt 29. mars og reyndist 40 þúsund km (þrefalt þvermál jarðar). Svo stór blettur sést greinilega með berum augum, ef horft er á sólina gegnum dökkt



gler eða filmu. Í seinni tíð hefur verið lítið um sól-
bletti, því að senn líður að lágmarki sólblettaskeiðs.
Síðasta lágmark var í október 1964. Meðallengd skeiðsins
síðustu öldina hefur verið 10,8 ár, lengst 12,1 ár en
skemmst 10,0 ár. Það skeið sem nú er að líða er því orðið
í lengra lagi. Stóri bletturinn sem fyrr var getið mun
ekki tilheyra nýju skeiði, því að fyrstu blettir sem sjást
í upphafi nýs skeiðs eru venjulega nokkuð langt frá mið-
baug sólar (um 25° til norðurs eða suðurs).

(Frá háloftadeild jarðvísindastofu - Þorsteinn)